



879. fundur stjórnar GSÍ, 8. September 2016, kl.17:00 haldinn í fundarsal GSÍ.

Mættir voru: Haukur Örn Birgisson, Hansína Þorkeldsdóttir, Eggert Á. Sverrisson, Theódór Kristjánsson, Kristín Guðmundsdóttir, Bergsteinn Hjörleifsson, Helgi Anton Eiríksson, Jón Júlíus Karlsson, Þorgerður Kartín Gunnarsdóttir, Brynjar Eldon Geirsson sem ritaði fundinn.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Fundargerð samþykkt og undirrituð

2. Eldri kylfingar

Haukur Örn ræddi um þær breytingar sem orðið hafa á aldurskiptingu í mótum eldri kylfinga. Lagt var til að tekið yrði samtal við forsvarsmenn LEK um aukið samstarf á breiðum grundvelli fyrir komandi framtíð og heyra hug stjórnar LEK um framtíðarstefnu þeirra. LEK hefur óskað eftir því að GSÍ sjái um skráningu bæði karla og kvennalandsliða eldri kylfinga í Evrópumót EGA 2017.

3. Formannafundur 2016

Ákveðið var að halda fundinn á Selfossi 12. nóvember ásamt því að heyra í forsvarsfólki klúbbanna um þeirra skoðun á umræðuefni á fundinum og hvort það sé eitthvað eitt umfram annað sem hreyfingin vill ræða. Brynjari var falið að boða fundinn í tíma.

Það sem fyrir liggur er meðal annars eftirfarandi

- a. Barna og unglíngastarf klúbbanna, hvernig gengur nýliðun.
- a. IT nefnd skilar af sér úttekt á golf.is
- b. Theódór Kristjánsson kynnir vinnu varðandi stigskiptingu golfvalla

4. Skýrsla Afreksnefndar, Helgi Anton Eiríksson kynnir fyriráætlanir fyrir árið 2017

Helgi Anton Eiríksson formaður Afreksnefndar GSÍ kynnti fyrir fundi áform afreksnefndar 2017 við að laga til Afrekstefnu og aðlaga hana að nýjum markmiðum og áherslum.

Helgi fjallaði stuttlega um fyrirhuguð starfslok Úlfars Jónssonar og að leit að eftirmanni í starfið væri hafin hjá Afreksnefnd þó svo að nægur tími sé enn til stefnu. Stjórn fól afreksnefnd að halda vinnu sinni áfram og kynna tillögur um áform sín á næsta stjórnarfundum.

Önnur mál

- Næsti fundur boðaður 13.10.2016 kl. 17:00 í fundarsal GSÍ
- GSFÍ / EDGA lagt var til að ræða stöðu GSFÍ á næsta fundi stjórnar

Ekki var fleira tekið fyrir á fundinum og honum fundi slitið kl.19:40